AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðabyggðar í Bjargslandi, Þyrping 8 og 9, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 7. febrúar 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

6. febrúar 2001 Nr. 129

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Grýtubakkahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Grýtubakkahrepps er heimilt, samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald). Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

	kr.
Íbúðir á Grenivík	7.800
Sveitabýli og/eða sveitaheimili	5.200

Heimilt er hreppsnefnd Grýtubakkahrepps að veita 50% afslátt ef tveir eða færri eru í heimili.

Sorphirðugjald fyrirtækja flokkast þannig:

	kr.
1. flokkur	5.200
2. flokkur	7.800
3. flokkur	24.000
4. flokkur	48.000

Hreppsnefnd skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðulandssvæðis eystra, með heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með áorðnum breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi.

Grenivík, 6. febrúar 2001.

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.